

Ný atvinnutækifæri – hlutverk sveitarfélags

Punktur úr stuttu innleggi Ágústs Sigurðssonar á „Hvað gerum við?“

- Verkefni sveitarfélags eru nokkuð skýr – þau eru reyndar oft sjálf stærstu vinnuveitendurnir – eru í grunnstoðum og innviðum – grunnþjónustu við íbúa – eru ekki með störf sem skapa þjóðartekjur en sinna starfsemi sem er algjörlega nauðsynleg á hverjum stað út af fyrir sig.
- Menntamálin fyrirferðamest, um 50% af veltu sveitarfélaga, Æskulýðs- og íþróttamál; Félagspjónusta; Skipulagsmál.....
- Allir vilja eiga gott líf – hamingja og heilbrigði er grunnurinn. Heilbrigðismál eru ekki á könnu sveitarfélaga nema þá að mjög takmörkuðu leyti (stuðningur við hjúkrunarheimili).
- Stundum þurfa sveitarfélög að grípa inni í og gera eitthvað í málum sem enginn annar sinnir – en er kannski samt ekki hlutverk sveitarfélaga.
- Erum líkast til flest sammála um að sveitarfélögin eigi ekki að vasast í öllu eða standa í fyrirtækjarekstri sem almenn fyrirtæki og einstaklingar geta séð um – nema þá í algjörum undantekningum þegar nauðsyn og almannaheill kallar.
- Góðir skólar, vel búið að æskunni, öryggisnet fyrir þá sem þurfa aðstoð, gott skipulag, nægar lóðir, skilvirk grunnþjónusta – þetta eiga sveitarfélög fyrst og fremst að passa – laða þannig að fólk og skapa hvetjandi umhverfi fyrir atvinnulíf (blómlegt) – ekki má gleyma því að skapa góðan grunn fyrir menningarlíf.
- Lagning ljósleiðara um dreifbýlið er dæmi um verkefni sem sveitarfélag á ekkert endilega að standa í en var nauðsyn fyrir íbúa og atvinnulíf til að það myndi gerast. Þetta gekk vel.
- Kannski mætti reyna svipaða aðferðafræði varðandi vegabætur og klæðningu á tengi- og héraðsvegum? Samgöngur innan héraðs eru afar mikilvægar.
- Almenn hagsmunagæsla er auðvitað verkefni sveitarfélaga
- Passa að „þvælast ekki fyrir“ atvinnulífinu með of stífum og flóknum römmum/hömlum/reglum og of víðtækri gjaldtöku
- Stöndum frammi fyrir miklum breytingum í atvinnulífi – fjórða iðnbylting
- Á sveitarfélagið að bregðast við því eða halda sig til hlés? Já, endurskoða og marka stefnu atvinnu-auðlinda-umhverfis. Halda fundi og viðburði sem geta styrkt frumkvöðla- og nýsköpunarstarf og samráð fyrirtækja. Liðka fyrir störfum án staðsetningar? Sérhæfðar iðnaðar- og þjónustulóðir? Nýsköpunarsetur með öflugum aðilum innan héraðs dæmi. Landgræðslan + Landsvirkjun í Gunnarsholti? Annað dæmi. Matarsmiðja í Þykkvabæ?....oflofl
- Matur+Orka – það er hér hjá okkur.